

ur naumlega heimfærð upp á viðskipti þessi, sem eru lög-
bundin. —

Það virðist því eiga að sýkna hina stefndu hrepps-
nefnd af kærum og kröfum stefnanda í máli þessu. —

Málskostnaður virðist eiga að falla niður, eftir atvikum.

Mánudaginn 16. okt. 1933.

Nr. 56/1933. Sveinn Bjarnason, f. h. Kára Bald-
vinssonar (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Skiptaráðandanum í Eyjafjarðar-
sýslu, f. h. Þrotabús Sigurðar Jó-
hannessonar og Steingrími Guð-
mundssyni. (Enginn).

Ómerking.

Úrskurður skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyr-
arkaupstaðar 25. nóv. 1932:

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir í máli þessu með stefnu, dags. 7.
júni s. l., og að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. s. d.,
skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í
skiptarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaup-
staðar 25. nóv. 1932. Af hálfu hinna stefndu hefir
eigi verið mætt í hæstarétti og hefir málið því ver-
ið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna
og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3.
júni 1796.

Skiptaréttargerðir þær, sem fram eru lagðar í
málinu, sýna það eigi, að sáttatilraun hafi farið
fram um ágreiningsatriðið, eins og fyrir er skipað
í 38. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, og verður því ex
officio að dæma hinn áfrýjaða úrskurð ómerkan.

Eftir atvikum þykir rétt að málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, er fengið hefir gjafsókn fyrir hæstarétti, 80 kr., greiðist úr ríkissjóði en að málskostnaður í hæstarétti falli að öðru leyti niður.

Því úrskurðast:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, Garðars Þorsteinssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, 80 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Ágreiningur sá, sem hér er lagður undir úrskurð skiptaréttarins, er risinn út af kaupsamningi, réttarskjal 4, sem er dags. 13. júní 1930, en afhentur til þinglýsingar 13. sept. s. á. En með kaupsamningi þessum veðsetur Sigurður Jóhannesson Steingrím Guðmundssyni vélbátana Jóhannes EA 529 og Filippus EA 472 til tryggingar kaupverði fyrir mótorvél frá firmanu Brødrene Christensen, Oslo, að upphæð kr. 1850.00. Velta úrslit þess ágreinings á því hvort skoða skuli báta þessa lausafé að því er veðsetninguna snertir eða að um hana gildi sömu reglur og veðsetningu fasteigna, 5. gr. siglingalaga nr. 63 frá 22. 11. 1914.

Það mun nú vera orðin föst réttarvenja, sérstaklega eftir útkomu laga nr. 37, 1929 um skráningu skipa, og laga nr. 58, 1929 um eftirlit með skipum, bátum og öryggi þeirra, að skilja ákvæði áminnstrar 5. gr. siglingalaganna þannig, að um veðhöft á bátum sem eru skársetningar- og eftirlitsskyldir, gildi sömu reglur og um veð í fasteignum. En af því leiðir að veðréttur sá, sem stofnaður er með samningnum 13. júní 1930 (rskj. 4) verður að teljast fullgildur og vikur handveðrétturinn samkvæmt samningnum, réttarskjal 2, fyrir honum.
